

REGLUGERÐ**um kjör á lánum úr Byggingarsjóði aldraðs fólks.****1. gr.**

Byggingarsjóður aldraðs fólks, stofnaður samkvæmt lögum nr. 49, 20. apríl 1963, skal vera í vörslu Tryggingastofnunar ríkisins, undir yfirumsjón tryggingaráðs.

2. gr.

Tryggingarráð metur framkomnar umsóknir um lán, úthlutar lánnum úr sjóðnum til þeirra verkefna, sem löggin greina, og metur tryggingar. A. m. k. einu sinni á ári, áður en fyrsta lánsúmsóknin er afgreidd, skal stjórn happdrættis D.A.S. eiga kost á að gera tillögur um lánveitingar á árinu.

3. gr.

Lán úr sjóðnum má veita til allt að 15 ára. Vextir af lánunum, sem greiðast skulu eftir á, jafnframt afborgunum, skulu vera 3 prósentstigum lægri en hæstu lögleyfðir fasteignalánavextir á hverjum tíma. — Vexti af lánnum, gjaldfallna eftir 1. sept. 1978, samkvæmt skuldabréfum, útgefnum fyrir setningu reglugerðar þessarar, skal með samningum leitast við að samræma þeim vöxtum, sem grein þessi ákveður. — Nú vill lántakandi ekki samþykkja slíka samræmingu vaxta og mega þá frekari lán úr sjóðnum til hans, ef veitt verða, vera með hæstu lögleyfðum fasteignalánavöxtum.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 49, 20. apríl 1963 til að öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. september 1978.

Magnús H. Magnússon.

Jón Inqimarsson.

REGLUGERÐ**um innheimtu gjalds á ferðalög til útlanda.****1. gr.**

Leggja skal 10% gjald á andvirði erlends gjaldeyris sem gjaldeyrisbankarnir selja til greiðslu á dvalarkostnaði erlendis.

2. gr.

Gjaldskylda skv. 1. gr. nær ekki til andvirðis gjaldeyris sem seldur er til að standa straum af dvalarkostnaði þeirra er stunda nám erlendis, enda standi námið eigi skemur en 8 mánuði (eða eitt skólaár) og skilað sé innritunartorði frá viðkomandi námsstofnun og síðan fullgildu vottorði um framvindu náms, né heldur til kaupa gjaldeyris til greiðslu á kostnaði vegna dvalar sjúklinga erlendis enda hafi sjúkrasamlag eða sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins tekið þátt í kostnaði.

Gjaldskylda skv. 1. gr. nær heldur ekki til áhafnagjaldeyris eða samningsbundinna dagpeningagreiðsla til áhafna skipa og loftfara sem eru á förum milli Íslands og annarra landa.